MOSFELLSBÆR

Mosfellsbær
Endurskoðun aðalskipulags
Skipulagslýsing

ARKÍS arkitektar

07.09.2020

VIRÐING JÁKVÆÐNI FRAMSÆKNI UMHYGGJA

Þverholt 2 | Mosfellsbær 270 | Sími 525 6700 | mos.is

Efnisyfirlit

1. Endurskoðun Aðalskipulags Mosfellsbæjar 2011-2030 3
1.1 Aðdragandi 3
1.2 Skipulagssvæðið 4
1.3 Ástæður og tilgangur 5
1.4 Umsjón 5
2 Helstu viðfangsefni og áherslur 5
3 Forsendur 6
3.1 Fyrirliggjandi stefna 6
3.2 Íbúar 7
3.3 Íbúðir 9
3.4 Atvinnulíf 10
3.5 Efnisnámur 10
3.6 Flokkun landbúnaðarlands 10
3.7 Frístundabyggð 10
3.8 Grænt skipulag 10
3.9 Jarðhiti 11
3.10 Samgöngur og umferð 11
3.11 Skógrækt 11
3.12 Verndarsvæði og náttúruvá 11
3.13 Minjaskráning 12
4 Aðrar áætlanir 12
4.1 Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins – Höfuðborgarsvæðið 2040 12
4.2 Svæðisskipulag vatnsverndar á höfuðborgarsvæðinu 12
4.3 Landsskipulagsstefna 2015-2026 13
4.4 Viðfangsefni og leiðarljós landsskipulagsstefnu 13
4.5 Samgönguáætlun 2019-2033 14
4.6 Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna 14
4.7 Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum 14

4.8 Hreint loft til framtíðar – Áætlun um loftgæði á Íslandi 2018-2029 14
4.9 Rammaáætlun 15
4.10 Landsáætlun um meðhöndlun úrgangs 15
4.11 Framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár 15
4.12 Byggðaáætlun 2018-2024 15
4.13 Fjarskiptaáætlun 2019-2023 15
4.14 Kerfisáætlun Landsnets 2019-2028 15
4.15 Aðalskipulagsáætlanir nágranna sveitarfélaga 16
5 Umhverfismat 16
6 Samráð og kynningar 17
7 Tímaferli og áfangar 19

1. Endurskoðun Aðalskipulags Mosfellsbæjar 2011-2030

Núgildandi aðalskipulag Mosfellsbæjar 2011-2030 var samþykkt í bæjarstjórn Mosfellsbæjar þann 26. júní 2013 og staðfest af Skipulagsstofnun þann 19. september 2013. Um endurskoðun aðalskipulags var að ræða og tók það við af aðalskipulagi 2002-2024, sem var samþykkt árið 2003.

Skipulagsnefnd Mosfellsbæjar samþykkti á fundi nr. 468 þann 21. september 2018 tillögu um að hefja endurskoðun aðalskipulags sbr. 4.8.1. gr. skipulagsreglugerðar nr. 90/2013. Bæjarstjórn samþykkti tillöguna 3. október 2018. með svohljóðandi bókun:
„Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkir að ráðast í endurskoðun aðalskipulags Mosfellsbæjar og felur skipulagsfulltrúa að tilkynna þá ákvörðun til skipulagsstofnunar sbr. 35. gr. skipulagslaga“.

Endurskoðun aðalskipulags Mosfellsbæjar verður unnið skv. skipulagslögum nr. 123/2010. Þar er aðalskipulag skilgreint þannig: „Skipulagsáætlun fyrir tiltekið sveitarfélag þar sem fram kemur stefna sveitarstjórnar um landnotkun, byggðaþróun, byggðamynstur, samgöngu- og þjónustukerfi og umhverfismál í sveitarfélaginu.“

Þann 11. september 2020 voru tillaga að skipulagslýsingu kynnt skipulagsnefnd Mosfellsbæjar og samþykkt til auglýsingar. Breytingin sem þar er fjallað um er veruleg, sbr. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Lýsingin var unnin skv. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Afgreiðslan var stafest í bæjarstjórn þann 16. september 2020.

1.1 Aðdragandi

Í gildandi aðalskipulagi er leiðarljósið eftirfarandi:
”Í skipulagi og uppbyggingu Mosfellsbæjar skal leggja áherslu á fjölbreytta, manneskjulega byggð, þar sem fjölskyldan er í fyrirrúmi, vandaða umhverfismótun og góð tengsl við aðliggjandi útivistarsvæði og náttúru. Lögð skal áhersla á sérstöðu og sjálfstæði Mosfellsbæjar en einnig á stöðu hans og hlutverk í samfelldri byggð höfuðborgarsvæðisins. Skipulag bæjarins og mótun byggðar og umhverfis stuðli að velferð íbúanna.”

Sem leiðarljós voru eftirfarandi meginmarkmið: 1. umhverfi, 2. landnotkun og 3. samgöngur og tæknimál. En undir hverju meginmarkmiði voru tíunduð ítarleg undirmarkmið fyrir einstaka þætti innan þessara málaflokka.

Meðal þess breyst hefur frá gildistöku núgildandi aðalskipulags er að Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun hafa tekið yfir það hlutverk sem Staðardagskrá 21 hafði áður. Enn fremur hefur nú tekið gildi svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2015-2040, en hryggjarstykki þess eru áform um uppbyggingu Borgarlínu. Einnig hefur tekið gildi ný skipulagsreglugerð nr. 90/2013.

Meðal annarra breytinga sem orðið hafa á í síðustu árum má nefna er sú uppbygging sem raungerst hefur í sveitarfélaginu, fjölgun íbúa í Mosfellsbæ, auknum áherslum á umhverfismál enn fremur hefur Landsskipulagsstefna 2015-2026 verið staðfest og samgöngusáttmáli höfuðborgarsvæðisins undirritaður 2019. Einnig hefur verið unnin ný umhverfisstefna Mosfellsbæjar.

Núgildandi aðalskipulag stendur að miklu leyti enn fyrir sínu. En við endurskoðun aðalskipulagsins er lögð áhersla á að stefnumótun sé unnin í samvinnu kjörinna fulltrúa, starfsfólks sveitarfélagsins og íbúa Mosfellsbæjar með virðingu, jákvæðni, framsækni og umhyggju að leiðarljósi.

Gerð aðalskipulags fellur undir lög um mat á umhverfismat áætlana nr. 105/2006 þar sem kveðið er á um að umhverfisáhrif aðalskipulagsins séu metin. Í 35. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er kveðið á um að þegar að loknum sveitarstjórnarkosningum skuli sveitarstjórn meta hvort ástæða sé til að endurskoða aðalskipulagið. Ef niðurstaða sveitarstjórnar er að aðalskipulagið þarfnist ekki endurskoðunar heldur það gildi sínu. Ákvörðun sveitarstjórnar skal að jafnaði liggja fyrir innan tólf mánaða frá sveitarstjórnarkosningum og skal niðurstaðan tilkynnt Skipulagsstofnun jafnskjótt og hún liggur fyrir. Í samræmi við ofangreint ákvæði skipulagslaga samþykkti bæjarstjórn Mosfellsbæjar þann 3. október 2018 að hefja vinnu við heildarendurskoðun á aðalskipulagi Mosfellsbæjar. Jafnframt var ákvörðun bæjarstjórnar, tilkynnt Skipulagsstofnun með bréfi dags. 16. október 2018.

1.2 Skipulagssvæðið

Skipulagið tekur til alls lands innan sveitarfélagsmarka Mosfellsbæjar. Um er að ræða tvo þéttbýlishluta. Annar þéttbýlishlutinn, um 1.180 ha, tekur til meginbyggðarinnar vestan Helgafells og Reykjafells að mörkum Reykjavíkur í suðri og norðri. Hinn þéttbýlishlutinn, rúmlega 200 ha, er í Mosfellsdal og tekur til byggðarinnar sunnan Þingvallavegar, sem afmarkast af Suðurá, Æsustaðafjalli og Helgadal að sunnanverðu. Til austurs nær þéttbýlið í Mosfellsdal austur fyrir Hraðastaði og Gljúfrastein. Sveitarfélagið er 193,7 km^2 að flatarmáli og íbúafjöldi var 12.379, 8. september 2020.



Mynd 1: Mosfellsbær og nágrannasveitarfélög

1.3 Ástæður og tilgangur

Aðalskipulag Mosfellsbæjar 2011-2030 er áætlun sem nær til ársins 2030. Gert er ráð fyrir að vinna við endurskoðun taki um 2 ár.

Endurskoða þarf spár um íbúaþróun til samræmis við núverandi stöðu og horfur, en íbúafjölgun árin 2012 - 2019 hefur verið talsvert meiri en spár svæðisskipulagsins gera ráð fyrir. Að meðaltali hefur fjölgunin verið um 3,8% á ári að meðaltali og íbúafjöldi í upphafi árs 2019 var þegar kominn 600 - 750 íbúa upp fyrir spátölu fyrir 2025.

Tilgangur endurskoðunar er að aðalskipulagið gefi sem gleggsta mynd af stöðu Mosfellsbæjar og stefnu bæjarstjórnar í skipulagsmálum með víðtæku samráði við almenning og með öðrum hagsmunaðilum til framtíðar.

Með skipulags- og matslýsingu þessari er íbúum og öðrum hagsmunaaðilum gefinn kostur á að koma með ábendingar og athugasemdir sem snúa að málefnum endurskoðunar aðalskipulagsins og komandi skipulagsvinnu.

1.4 Umsjón

Mosfellsbær hefur samið við ARKÍS arkitekta um skipulagsráðgjöf við endurskoðun aðalskipulagsins. ARKÍS arkitektar munu vinna endurskoðunina í samvinnu við starfsfólk umhverfissviðs, skipulagsfulltrúa og Skipulagsnefnd Mosfellsbæjar.

2 Helstu viðfangsefni og áherslur

Helstu viðfangsefni við endurskoðun aðalskipulagsins eru eftirfarandi, en nánari grein er gerð fyrir forsendum í kafla 3:

- Samræmi stefnu aðalskipulags við Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins – Höfuðborgarsvæðið 2040.
- Hvernig stefna aðalskipulags styður við markmið skipulagslaga og sjónarmið um sjálfbæra þróun í sveitarfélaginu og að Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna.
- Þróun þéttbýlis.
- Íbúaþróun, íbúasamsetning, íbúðarhúsnæði, íbúðarbyggð.
- Blöndun íbúða við aðra landnotkun.
- Atvinnulíf.
- Fjölgun starfa og landþörf fyrir ýmsa flokka atvinnustarfsemi.
- Flokkun landbúnaðarlands.
- Frístundabyggð.
- Grænt skipulag.
- Jarðhiti.
- Samgöngur og umferð.
- Skógrækt.
- Verndarsvæði og náttúruvá.

3 Forsendur

Meginmarkmið í gildandi aðalskipulagi eru að mati bæjarstjórnar skýr og góð viðmið til að þróa stefnuna áfram. Nýtt aðalskipulag mun byggja áfram á gildum sveitarfélagsins.

Gildi Mosfellsbæjar: Virðing, jákvæðni, framsækni og umhyggja.


3.1 Fyrirliggjandi stefna


Aðalskipulag Mosfellsbæjar 2011-2030 er endurskoðun aðalskipulags Mosfellsbæjar 2002- 2024. Í stefnumörkun Mosfellsbæjar, sem samþykkt var árið 2008, er megináhersla lögð á eftirfarandi megingildi: *Virðingu, jákvæðni, framsækni og umhyggju*. Þar er jafnframt sett fram eftirfarandi framtíðarsýn: *„Mosfellsbær er eftirsótt bæjarfélag til búsetu þar sem fjölskyldan er í fyrirrúmi. Mosfellsbær er framsækið samfélag þar sem ábyrgðarkennd ríkir gagnvart náttúru og umhverfi, auk þess sem hagkvæmni í rekstri og samfélagsleg ábyrgð eru ávallt höfð að leiðarljósi.“*

Leiðarljós aðalskipulagsins eru eftirfarandi:
„Í skipulagi og uppbyggingu Mosfellsbæjar skal leggja áherslu á fjölbreytta, manneskjulega byggð, þar sem fjölskyldan er í fyrirrúmi, vandaða umhverfismótun og góð tengsl við aðliggjandi útivistarsvæði og náttúru. Lögð skal áhersla á sérstöðu og sjálfstæði Mosfellsbæjar en einnig á stöðu hans og hlutverk í samfelldri byggð höfuðborgarsvæðisins. Skipulag bæjarins og mótun byggðar og umhverfis stuðli að velferð íbúanna.“

Aðalskipulag Mosfellsbæjar 2011-2030 er sett fram í:

- Skýrslu / greinargerð
- sveitarfélagsuppdrætti í mælikvarða 1 : 50.000
- þéttbýlisuppdrætti í mælikvarða 1 : 15.000





Myndir 2: sveitarfélags- og þéttbýlisuppdrættir aðalskipulags 2011-2030


Síðari breytingar á Aðalskipulagi Mosfellsbæjar 2011-2030 eru eftirfarandi:

- Dalland, landbúnaðarsvæði
- Þingvallavegur í Mosfellsdal, reiðleið tekin út
- Stök íbúðahús í Mosfellsdal
- Frístundabyggð í suðurhluta Mosfellsbæjar
- Stækkun athafnasvæðis í Flugumýri / Desjamýri
- Vatnsgeymir í austurhlíðum Úlfarsfells
- Verslun og þjónusta við Skarhólabraut
- Reykjahvoll, stækkun íbúðarsvæðis og færsla reiðleiða
- Langihryggur í Mosfellsdal, afþreyingar- og ferðamannasvæði
- Ævintýragarður (109-Oú), fjölgun göngustíga

3.2 Íbúar

Meðfylgjandi mynd úr greinargerð Aðalskipulags Mosfellsbæjar 2011-2030 (mynd 3) sýnir tvær spár um fjölgun íbúa Mosfellsbæjar: Sú neðri er spá eldra svæðisskipulags 2001-2024 (árlega ca. 3,2%) en sú hærri er framlengd þróun áranna 1990-2008, ca. 3,9% á ári. 1. ágúst 2019 voru íbúarnir 11.843 sem er mjög nálægt því að passa við spá gamla svæðisskipulagsins.

Þróunin frá 2011 hefur þó ekki verið nákvæmlega eftir þeirri spá því 1. desember 2016 var íbúatalan 9.760 í stað ca. 10.600. En eftir það hefur íbúum fjölgað, á 32 mánuðum hefur fjölgað um 2.080 manns, sem svarar til tæplega 8% árlegrar fjölgunar. Rauntalan er með því komin fram úr spánni á ný.




Mynd 3: Spár um fjölgun íbúa Mosfellsbæjar. (Heimild: Aðalskipulag Mosfellsbæjar 2011-2030)

Tafla 1 hér að neðan, með tilgátu um væntanlega aldursdreifingu miðað við mismunandi spár var birt í greinargerð gildandi aðalskipulags. Hér hefur rauntölum Hagstofunnar (rauðum) um skiptingu íbúanna eftir aldri þann 1. desember 2018 verið skeytt inn í réttari spána (A/B):


Tilgáta um fjölda í hverjum aldursflokki í Mosfellsbæ 2012, 2024 og 2030 m.v. mannfjöldaspárnar

	(spá A/ B)				(spá C)		
Aldursbil	**2012**	**2018**	**2024**	**2030**	**2012**	**2024**	**2030**
0-4 ára	748	**709**	980	1.177	748	1.110	1.378
5-14 ára	1.464	**1.758**	2.318	2.705	1.464	2.627	3.169
15-24 ára	1.300	**1.626**	1.753	2.150	1.300	1.986	2.519
25-54 ára	3.661	**4.834**	5.423	6.484	3.661	6.146	7.597
55-74 ára	1.459	**2.058**	2.926	3.612	1.459	3.315	4.232
75 +	222	**441**	400	672	222	454	787
	8.854	**11.426**	13.800	16.800	8.854	15.638	19.682

Rautt: Fjöldi 1. des 2018 skv. Hagstofu



Tafla 1 (Heimild: Aðalskipulag Mosfellsbæjar 2011-2030 og Hafstofa Íslands)



Mynd 4: Hlutföll aldurshópa 2012 og spá/tilgáta fyrir 2030.
(t.v. úr Aðalskipulag Mosfellsbæjar 2011-2030, rauntölur t.h.)

Heildarfjöldi íbúanna árið 2018 er nánast á pari við spá A/B, og þegar rauntölur Hagstofunnar um aldursskiptinguna 2018 eru bornar saman við tilgátuna sem sett var fram í aðalskipulaginu kemur m.a. eftirfarandi í ljós:

- Lækkun hlutfalls yngstu aldurshópanna, 0-14 ára, er miklu hraðari en spáð var, sér í lagi í 0-4 ára hópnum þar sem fækkað hefur um 40 börn í stað áætlaðrar fjölgunar um 115.
- Ungfullorðnir (15-24) eru á þeirri leið sem gert var ráð fyrir með hægt lækkandi hlutfall.
- Hlutfall 25-54 ára hefur hækkað um 1,3% í stað þess að lækka um tæpt 1%.
- Í elstu aldurshópunum var spáð mestri hlutfallslegri fjölgun og er það að ganga eftir.

Fjölgun í elsta hópnum (>75 ára) gerist hraðar en spáð var.
Í gögnum gildandi svæðisskipulags eru mannfjöldaspár með upphafsár 2012 og tölum fyrir 2025 og 2040[1]. Tvennskonar mismunandi forsendur eru um flutningsjöfnuð landsins og síðan einnig lágspá og miðspá. Fyrir Mosfellsbæ er gert ráð fyrir árlegri fjölgun um 1,5 - 1,6% á fyrri hluta tímabilsins en 1,1 - 1,3% á seinni hluta tímabilsins.

Íbúafjölgunin árin 2012 - 2019 hefur verið miklu meiri en spár svæðisskipulagsins gera ráð fyrir, eða um 3,8% á ári að meðaltali og fjöldinn í upphafi árs 2019 var þegar kominn 600 - 750 íbúa upp fyrir spátölurnar fyrir 2025.

3.3 Íbúðir

Megindrættirnir í þróun byggðarinnar á nýliðnum árum markast af deiliskipulagningu og byggingu íbúðarhverfanna Krikahverfis, sem nú er fullbyggt, og Helgafellshverfis og Leirvogstungu sem eru enn í byggingu. Einnig var hafin bygging athafnasvæðisins á Tungumelum og árið 2017 hófst mikil uppbygging í miðbænum.

[1] *Þróun og framreikningur íbúafjölda á höfuðborgarsvæðinu, Ingunn S. Þorsteinsdóttir Sigurður Snævarr, Sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins 2013/Júní 2014*

Þróunin markaðist óhjákvæmilega mjög af efnahagshruninu 2008, sem olli kyrrstöðu í allmörg ár og stöðnun framkvæmda. Þegar það tímabil hófst var bygging Helgafellshverfis rétt að byrja, en Leirvogstunga var komin heldur lengra á veg.

Í gildandi aðalskipulagi var þörf fyrir nýjar íbúðir frá 2008 til 2024 áætluð um 2.040 íbúðir, miðað við þá mannfjöldaspá sem í dag er næst því að hafa staðist. Samkvæmt Þjóðskrá voru íbúðir í Mosfellsbæ 3.712 í árslok 2018[2] og hafði fjölgað um 895 íbúðir frá 2008. Það er nokkuð langt undir fyrrnefndri áætlun um þörfina, en samkvæmt henni hefði fjölgunin átt að vera um 1.270 íbúðir á þessu árabili. Íbúðum fjölgaði aðallega á árunum 2016-2018, þegar um 660 íbúðir bættust við.

Samkvæmt þessu voru 3,08 íbúar pr. íbúð að meðaltali í lok ársins 2018, en þeir voru 3,02 árið 2008. Því hafði verið spáð að þetta hlutfall myndi halda áfram að lækka jafnt og þétt, eins og það hafði gert á undanförnum áratugum.

3.4 Atvinnulíf

Í síðustu endurskoðun aðalskipulags var stuðst við sömu forsendur og gengið hafði verið út frá í Aðalskipulagi Mosfellsbæjar 2002-2024 (AS 02-24) um fjölgun starfa og landþörf fyrir hina ýmsu flokka atvinnustarfsemi. Því má ætla að rík ástæða sé til þess að fjalla ítarlega um fjölbreytt atvinnulíf í þeirri endurskoðun aðalskipulagsins sem nú stendur fyrir dyrum.

3.5 Efnisnámur

Efnisnámur eru nú engar í Mosfellsbæ. Í síðustu endurskoðun var ákveðið að efnistöku yrði hætt í bæjarlandinu.

3.6 Flokkun landbúnaðarlands

Í samræmi við Landsskipulagsstefnu sem samþykkt var á Alþingi 2016 þurfa ákvarðanir um ráðstöfun lands til landbúnaðar og annarrar nýtingar að byggjast á áður gerðri flokkun landbúnaðarlands. Slík flokkun fyrir land Mosfellsbæjar liggur ekki fyrir, og þarf því að vinna hana í tengslum við endurskoðun aðalskipulagsins.

3.7 Frístundabyggð

Svæði fyrir frístundabyggð eru umfangsmikil í bæjarlandinu, en í samræmi við gamla stefnumörkun svæðisskipulags hafa bæjaryfirvöld leitast við að hamla gegn frekari útvíkkun þessara svæða og sett uppbyggingu þeirra takmarkandi skilmála.
Rétt er að huga að því hvort ástæða er til að gera stefnumörkun og regluverk um málefni frístunda-byggðanna hnitmiðaðri og markvissari og auðvelda með því framfylgdina.

3.8 Grænt skipulag

Fyrir liggja samþykktar tillögur frá nýliðnum árum um að vinna það sem nefnt hefur verið „grænt skipulag“ fyrir bæjarlandið. Það myndi fela í sér flokkun allra opinna/grænna svæða, s.s. með tilliti til gróðurs, umhirðustigs, umgengni, hlutverks og notkunar. Rökrétt er að slík vinna fari fram í tengslum við eða sem þáttur í endurskoðun aðalskipulags.

[2] *Ath: Misræmi er í tölum Þjóðskrár fyrir 2018, á öðrum stað er heildarfjöldinn sagður 3.790.*

3.9 Jarðhiti

Þessu efni voru ekki gerð mikil skil í síðustu endurskoðun nema að því leyti að í greinargerð var stutt frásögn af sögu nýtingar jarðhitans í Mosfellsbæ og þýðingu hans í orkuöflun fyrir höfuðborgarsvæðið. Ef til vill væri ástæða til að gera þessum þætti hærra undir höfði í væntanlegri endurskoðun og draga betur fram sérstöðuna sem hann skapar sveitarfélaginu og þýðingu hans fyrir atvinnulíf og náttúru.

3.10 Samgöngur og umferð

Í samræmi við stefnumörkun svæðisskipulagsins Höfuðborgin 2040 verður það eitt af megin-viðfangsefnum í endurskoðun aðalskipulags Mosfellsbæjar að stuðla að auknum almennings-samgöngum með væntanlega Borgarlínu í huga.

Skipulagsleg umfjöllun um Vesturlandsveg og Þingvallaveg hefur verið mikil á undanförnum árum og verður það óhjákvæmilega áfram. Í síðustu endurskoðun var mörkuð sú stefna að Vesturlandsvegur yrði settur í stokk þar sem hann fer gegnum miðju bæjarins. Unnið skyldi að athugunum og nánari útfærslu þessarar lausnar fram að næstu endurskoðun aðalskipulags og er það eitt af því sem gera þarf nú. Sundabrautar er getið í Svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2040 og þykir því rétt að fjalla um áhrif hennar á gegnumstreymisumferð í Mosfellsbæ.

3.11 Skógrækt

Í gildandi aðalskipulagi eru afmörkuð svæði fyrir skógrækt, endurskoða þarf þau svæði.

3.12 Verndarsvæði og náttúruvá

Í fyrri endurskoðun hefur verið fjallað ítarlega um hverskyns vernd og friðlýsingar samkvæmt lögum nr. 60/2013, náttúruverndarlögum og lögum nr. 80/2012 um menningarminjar, en einnig var ákveðin og skilgreind hverfisvernd á fjölmörgum svæðum í þeim tilgangi að vernda náttúru- og menningarminjar, sem falla utan formlegra friðlýsinga samkvæmt ofannefndum lögum. Fjallað var um verndun vatns og sjávar gegn mengun og hættumat vegna ofanflóða, með skilgreiningu á hættusvæðum undir Úlfarsfelli og Helgafelli (staðfest 2011).

Frá því að Aðalskipulag Mosfellsbæjar 2011-2030 (AS 11-30) var staðfest hafa 3 svæði verið friðuð samkvæmt náttúruverndarlögum: Álafoss, Bringur/Mosfellsdal og Tungufoss. Áður lá fyrir friðun við Varmárósa og fjögur svæði í sveitarfélaginu eru á náttúruminjaskrá. Fyrir liggja listar yfir staði og svæði þar sem vert var talið að huga að friðun eða hverfisvernd, sjá bls. 61 í greinargerð AS 11-30.

Vert er að yfirfara vandlega stöðuna í verndunarmálum og huga að því hvort betrumbæta megi skilgreiningar hverfisverndarsvæða, þannig að skýrara verði til hvers hverfisverndin tekur í hverju tilviki og hvernig hún afmarkast. Dæmi eru um að ólíkar túlkanir á hverfisverndarákvæðum hafi valdið óþörfum núningi og deilum.

Sömuleiðis þarf að yfirfara stöðu fornleifaskráningar í bæjarlandinu og leggja mat á það hvort hún þarfnist endurskoðunar í tengslum við aðalskipulagsvinnuna, en fyrirliggjandi skráning fór fram á árunum 2000 og 2001 og var gefin út 2006. Þá er vert að taka til skoðunar og leggja mat á það hvort skilgreina eigi ört vaxandi útbreiðslu ágengra plantna sem ógnun við náttúrufarið í

3.13 Minjaskráning

Árið 2006 var gefin út skráning fornleifa í Mosfellsbæ. Vinna við þá skráningu hófst á árunum 1980 - 1982 en þá var í fyrsta skipti á Íslandi farið í skipulagða skráningu fornminja og var hún unnin á vegum Þjóðminjasafns Íslands. Vegna nýrra laga um menningarminjar nr. 80/2012 er þörf á endurskoðun fyrri skráningar sveitarfélagsins og verður hún unnin í samráði við Minjastofnun Íslands.

4 Aðrar áætlanir

Við endurskoðun aðalskipulagsins verða eftirtaldar áætlanir rýndar með tilliti til áhrifa þeirra á aðalskipulag Mosfellsbæjar. Mikilvægt er í endurskoðun aðalskipulags Mosfellsbæjar að taka mið af hinum ýmsu áætlunum og stefnum sem gerðar hafa verið og unnir er að í sveitarfélaginu, á höfuðborgarsvæðinu og á landsvísu.

Í Mosfellsbæ hefur meðal annars verið unnið að stefnumótum á sviði umhverfis-, og skólamála sem og íþrótta- og tómstundamála, umferðaröryggisáætlun 2016-2020 auk viðauka, fráveituáætlun 2018 og umhverfisstefna sveitarfélagsins 2019-2030.

4.1 Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins – Höfuðborgarsvæðið 2040

Höfuðborgarsvæðið 2040[3] er sameiginleg stefna sveitarfélaganna Garðabæjar, Hafnarfjarðarkaupstaðar, Kjósarhrepps, Kópavogsbæjar, Mosfellsbæjar, Reykjavíkurborgar og Seltjarnarnesbæjar um náið samstarf, skipulagsmál og hagkvæman vöxt svæðisins næstu 25 árin, enda er höfuðborgarsvæðið eitt búsetusvæði, einn atvinnu- og húsnæðismarkaður með sameiginleg grunnkerfi, útivistarsvæði, auðlindir og náttúru. Stefnan var samþykkt af sveitarfélögunum í maí-júní 2015 og staðfest af Skipulagsstofnun 29. júní 2015.

Hryggjarstykkið í svæðisskipulaginu er áhersla á uppbyggingu almenningssamgangna, eða eins og segir í „sýn“ svæðisskipulagsins:

„Uppbyggingu íbúða og atvinnu verður beint í sem mestum mæli inn á svæði sem njóta góðra almenningssamgangna. Farþegagrunnur almenningssamgangna verður því styrktur og þannig skapast skilyrði fyrir bætta þjónustu. Borgarlína og samgöngumiðuð uppbygging sem beint er á kjarna víðs vegar um höfuðborgarsvæðið mun styrkja öll hverfi. Álag á miðborgina minnkar með því að skapa fleiri eftirsóknarverð svæði sem eru tengd hágæða almenningssamgöngum.“

Þessar áherslur svæðisskipulagsins hafa mikil bein áhrif inn í endurskoðun aðalskipulags Mosfellsbæjar, því að þar í miðbænum er áformuð norður-endastöð Borgarlínunnar. Stefnumörkunin kallar því á að í aðalskipulaginu verði fjallað ítarlega um útfærslu Borgarlínunnar og áhrifasvæði hennar, og sett markmið um samgöngumiðaða uppbyggingu á kjarnasvæðum næst henni.[4]

4.2 Svæðisskipulag vatnsverndar á höfuðborgarsvæðinu

Tillaga stýrihóps um heildarendurskoðun vatnsverndar á höfuðborgarsvæðinu var samþykkt í sveitarfélögunum á vormánuðum 2015 og staðfest af umhverfisráðherra 19. júní 2015. Sérstakt

[3] *http://www.ssh.is/svaedisskipulag*

[4] *Sjá einnig töflu 3 á bls. 91 í greinargerð svæðisskipulagsins um meðferð skipulagsmála í aðildarsveitarfélögunum.*

ákvæði var sett um frestun gildistöku á breyttum svæðum í Mosfellsdal þar til þremur árum eftir staðfestingu og *„Mosfellsbæ verði þannig veitt nauðsynlegt svigrúm til að vinna viðbótarathuganir sem varða framtíðar vatnstöku sveitarfélagsins og ákvörðun um hvort vatnstöku verði framhaldið þar.“*[5]

4.3 Landsskipulagsstefna 2015-2026

Landsskipulag var samþykkt á Alþingi 16. mars 2016. Í fyrsta sinn liggur fyrir samræmd stefna um skipulagsmál á landsvísu til sveitafélaga. Í landsskipulagsstefnu eru settar fram áherslur um skipulagsmál sem varða byggðaþróun og landnotkun á landsvísu og almannahagsmuni. Í landsskipulagstefnu er mörkuð stefna um skipulagsmál sem ætlað er að tryggja heildarhagsmuni við gerð skipulagsáætlana sveitafélaga, jafnfram að stuðla að sjálfbærri þróun.

Einnig á landsskipulagsstefna að draga fram samræmingu í stefnumótun ríkis og sveitafélaga um nýtingu lands.

4.4 Viðfangsefni og leiðarljós landsskipulagsstefnu

Landsskipulagsstefna felur í sér stefnu um hvernig stjórnvöld skulu vinna að skipulagsmálum og byggir hún á fjórum leiðarljósum.

I. Að skipulag byggðar og landnotkunar stuðli að sjálfbærri þróun.

II. Að skipulag byggðar og landnotkunar sé sveigjanlegt og stuðli að seiglu gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum.

III. Að skipulag byggðar og landnotkunar stuðli að lífsgæðum fólks.

IV. Að skipulag byggðar og landnotkunar styðji samkeppnishæfni landsins alls og einstakra landshluta.

Megináherslur fyrir hvert viðfangsefni eru eftirfarandi:

I. Skipulag á miðhálendi Íslands. Þ.e.a.s. staðinn verði vörður um náttúru og landslag miðhálendisins vegna náttúruverndargildis og mikilvægis fyrir útivist. Uppbygging innviða á miðhálendinu taki mið af sérstöðu þess.

II. Skipulag í dreifbýli. Skipulag í dreifbýli gefi kost á fjölbreyttri nýtingu lands, svo sem til ræktunar, ferðaþjónustu og útivistar, í sátt við náttúru og landslag.

III. Búsetumynstur og dreifingu byggðar. Þróun þéttbýlis og fyrirkomulag byggðar stuðli að sjálfbærni með áherslu á gæði í hinu byggða umhverfi og markvissu samþættu skipulagi byggðar og samgangna.

IV. Skipulag á haf og strandsvæðum. Skipulag haf- og strandsvæða veiti grundvöll fyrir fjölbreyttri nýtingu á haf- og strandsvæðum um leið og viðhaldið verði mikilvægum auðlindum hafsvæða við Ísland.

[5] *http://www.ssh.is/images/stories/Hofudborgarsvaedid_2040/vatnsvernd_heildarendurskodun_greinargerd_Utgafa_18052015.pdf*

4.5 Samgönguáætlun 2019-2033

Ný heildarstefna í samgöngumálum var samþykkt á Alþingi í febrúar 2019. Annars vegar stefnumarkandi samgönguáætlun fyrir árin 2019–2033 og hins vegar aðgerðaáætlun fyrir 2019–2023.

Í aðgerðaráætluninni eru meðal annars tíundaðar fyrirhugaðar nýframkvæmdir við vegi, flugvelli, hafnir o.fl. og fjárveitingar til þeirra á fjögurra ára tímabili, ásamt því að sett eru markmið fyrir ýmis almenn samgönguverkefni.

4.6 Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun voru samþykkt af fulltrúum allra aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna í september árið 2015. Markmiðin, sem gilda á tímabilinu 2016-2030, eru 17 talsins með 169 undirmarkmið og taka bæði til innanlandsmála sem og alþjóðasamstarfs á gildistímanum. Aðalsmerki heimsmarkmiðanna er að þau eru algild og því hafa aðildarríkin skuldbundið sig til þess að vinna skipulega að innleiðingu markmiðanna bæði á innlendum og erlendum vettvangi út gildistíma þeirra. [6]



Mynd 5: Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

4.7 Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum

Uppfærð útgáfa kom út í júní 2020 og er áætlun um aðgerðir íslenskra stjórnvalda til að stuðla að samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda til 2030. [7]

4.8 Hreint loft til framtíðar – Áætlun um loftgæði á Íslandi 2018-2029

Áætlunin sem gefin var út árið 2017 hefur það að meginmarkmiði *„að stuðla að loftgæðum og heilnæmu umhverfi“* en leiðarljós er: *„að almenningur á Íslandi búi við hreint og heilnæmt andrúmsloft og að komandi kynslóðir megi njóta sömu eða betri loftgæða og þær sem nú byggja landið“.* [8]

[6] https://www.heimsmarkmidin.is/forsida/heimsmarkmidin/
[7] https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-og-skrar/Adgerdaaetlun%20i%20loftslagsmalum%20onnur%20utgafa.pdf
[8] https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-og-skrar/Hreint%20loft%20til%20framt%C3%AD%C3%B0ar,%20lokaeintak.pdf

4.9 Rammaáætlun

Rammaáætlun öðlaðist í fyrsta sinn lögformlegt gildi með þingsályktun árið 2013. Með þingsályktuninni lauk 2. áfanga rammaáætlunar, sem staðið hafði með hléum frá árinu 2003. Í þingsályktuninni eru virkjunarkostir flokkaðir í orkunýtingar-, bið- og verndarflokk.

4.10 Landsáætlun um meðhöndlun úrgangs

„Landsáætlun um meðhöndlun úrgangs 2013-2014 kemur í stað fyrri áætlunar, sem kom út árið 2004 og gilti fyrir tímabilið 2004-2016. Í áætluninni er lögð áhersla á að ævinlega þurfi að skoða úrgangsmál í víðu samhengi, enda ræðst úrgangsmyndunin öðru fremur af neyslu einstaklinga, heimila og fyrirtækja.„[9]

4.11 Framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár

Lög um náttúruvernd nr. 60/2013 tóku gildi árið 2015. Samkvæmt 13. gr. skal umhverfis- og auðlindaráðherra gefa út náttúruminjaskrá eigi sjaldnar en á fimm ára fresti. Ráðherra ákveður friðlýsingu svæða og friðun vistkerfa, vistgerða og tegunda og tekur jafnframt ákvörðun um breytingu og afnám friðlýsingar og friðunar.

4.12 Byggðaáætlun 2018-2024

Byggðaáætlun er lýsing á stefnu ríkisins í byggðamálum hverju sinni og samhæfing við aðra stefnumótun og áætlanagerð hins opinbera. Byggðaáætlun skal hafa að meginmarkmiði að jafna tækifæri allra landsmanna til atvinnu og þjónustu, jafna lífskjör og stuðla að sjálfbærri þróun byggðarlaga um land allt.[10]

4.13 Fjarskiptaáætlun 2019-2023

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra leggur fram á Alþingi, að minnsta kosti á þriggja ára fresti, tillögu til þingsályktunar um fjarskiptaáætlun þar sem mörkuð er stefna fyrir næstu fimmtán árin. Í fjarskiptaáætlun eru skilgreind markmið stjórnvalda sem stefna ber að og leggja þannig grunn að framþróun íslensks samfélags. Stuðla skal að aðgengilegum og greiðum, hagkvæmum og skilvirkum, öruggum og umhverfisvænum fjarskiptum.[11]

4.14 Kerfisáætlun Landsnets 2019-2028

Kerfisáætlun er ætlað að gefa heildarsýn yfir þróun flutningskerfis raforku á næstu árum. Kerfisáætlanir eru gerðar á grundvelli ákvæða raforkulaga. [12]

[9] https://ust.is/graent-samfelag/urgangsmal/stefna-rikis-og-sveitarfelaga/landsaaetlun-um-urgang/
[10] https://www.stjornarradid.is/verkefni/sveitarstjornir-og-byggdamal/byggdamal/byggdaaaetlun/
[11] https://www.stjornarradid.is/verkefni/samgongur-og-fjarskipti/fjarskipti/fjarskiptaaaetlun-/
[12] https://framtidin.landsnet.is/langtimaaaetlun/kerfisaaetlun-landsnets-2019-2028/

4.15 Aðalskipulagsáætlanir nágranna sveitarfélaga

- Aðalskipulag Reykjavíkurborgar
- Aðalskipulag Kópavogsbæjar
- Aðalskipulag Sveitarfélagsins Ölfuss
- Aðalskipulag Bláskógabyggðar
- Aðalskipulag Grímsnes- og Grafningshrepps

5 Umhverfismat

Samhliða vinnu við tillögu að endurskoðun aðalskipulagsáætlunarinnar verður unnið umhverfismat í samræmi við lög um umhverfismat áætlana og leiðbeiningar Skipulagsstofnunnar, en endurskoðun Aðalskipulags Mosfellsbæjar er matsskyld skv. 3.gr. laga nr. 105/2006. Meginmarkmið laganna er: *„...að stuðla að sjálfbærri þróun og draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum og jafnframt að stuðla að því að við áætlanagerð sé tekið tillit til umhverfissjónarmiða.“*

Matið verður hluti af endurskoðuðu aðalskipulagi og mun vinnan við matið nýtast sem hluti stefnumótunar, en lögð er áhersla á að ábyrgðaraðilar aðalskipulagsins taki þátt í vinnslu umhverfismatsins.

Umhverfismatið nær til alls lands Mosfellsbæjar og nær til náttúrfars, félagslegra og hagrænna þátta. Einkum verður horft til eftirfarandi þátta:

- Samgangna
- Áhrif aukins og/eða breytts byggingarmagns á byggð, umhverfi, samfélag og samgöngur.
- Áhrif aukinnar umferðar, sem uppbygging leiðir af sér, á hljóðvist og loftgæði.
- Áhrif fjölgunar íbúða á núverandi stofnanir.
- Greint frá vali á kostum í byggðaþróun varðandi helstu svæði endurskoðunar eftir sem við á.
- Samræmi endurskoðaðrar tillögu við markmið aðalskipulagsins.
- Samræmi endurskoðaðrar tillögu við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun.
- Samræmi við svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins.
- Tengsl við aðrar áætlanir.

Stuðst verður við leiðbeiningar Skipulagsstofnunar um umhverfismat áætlana. Sjá einnig kafla „10 Tímaferli, áfangar og vinnuferli“

6 Samráð og kynningar

Eitt af markmiðum skipulagsreglugerðar er að tryggja samráð við almenning við gerð skipulagsáætlana. Kynning lýsingar þessarar verður samkvæmt 4.2.4. gr. skipulagsreglugerðar nr. 90/2013, en kynningarferli aðalskipulags samkvæmt 4.6 gr.

Kynningar og samráð verða í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, en skipulagslýsing, drög- og tillögur að aðalskipulagi og umhverfisskýrslu verða aðgengileg á heimasíðu Mosfellsbæjar https://www.mos.is/adalskipulag.

Á heimasíðu Mosfellsbæjar verður búið til nýtt heimasvæði nýs aðalskipulags. Auglýst verða drög og uppdrættir til umsagnar. Ábendingar og erindi geta borist á skipulag@mos.is. Nýttir verða samfélagsmiðlar til þess að ná sérstaklega til íbúa sveitarfélagsins. Þar má nefna bæði fésbókarsíðu „Mosfellsbæjar“ og síðuna „Okkar Mosó“.

Í samráðsferli verður einnig upplýsingatorg að Þverholti 2 við bókasafnið nýtt. Gert er ráð fyrir að streyma fundum og gera upptökur aðgengilegar. Gera þarf hugsanlegar ráðstafanir í takt við sóttvarnir í landinu og fækka fundum viðstaddra gesta en auka rafrænt samtal um skipulagið.

Gert er ráð fyrir að minnsta kosti tveimur íbúafundum þar sem drög að skipulagstillögu og tillaga verða kynntar. Enn fremur er gert ráð fyrir að halda íbúafund í október 2020 sem hluta stefnumörkunarferli skipulagsvinnunnar jafnframt því sem opnuð verður samráðsgátt á heimasíðu Mosfellsbæjar.

Samráð verður haft við eftirtalda aðila, ýmist í formi kynningar- og samráðsfunda eða með ósk eftir umsögn.

Óskað verður umsagna eftirtalinna aðila:

- Skipulagsstofnunar
- Minjastofnunar Íslands
- Umhverfisstofnunar
- Náttúrufræðistofnunar Íslands
- Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis
- Vegagerðarinnar
- Samgöngustofu
- Kirkjugarðaráðs
- Aðliggjandi sveitarfélaga
- Veðurstofu Íslands
- Veitna
- Landsnets
- Skógræktarfélags Mosfellsbæjar
- Svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins (SSH)

Haft verður samráð við eftirtalda hagsmunaaðila:

- Almenning á svæðinu
- Forsvarsmenn fyrirtækja
- Hagsmunasamtök á sviði atvinnulífs og náttúruverndar.

7 Tímaferli og áfangar

Endurskoðun aðalskipulagsins skiptist í þrjá megin áfanga: undirbúning, vinnslu tillögu og ferli kynninga, samráðs, auglýsingar og afgreiðslu.
Gera má ráð fyrir að heildarendurskoðun taki tvö ár frá upphafi vinnunnar, þar til nýtt skipulag liggur fyrir. Gerð er grein fyrir áætlaðri framvindu hér að neðan:

Áfangi 1: maí 2020 – júní 2020

Undirbúningur, samningsgerð, áherslur í nýju aðalskipulagi.
Fyrsti fundur nefndar, skoðunarferð um sveitarfélagið með hönnuðum, starfsfólki, aðal- og varamönnum skipulagsnefndar.

Áfangi 2: ágúst 2020 – september 2020

Umræða í skipulagsnefnd Mosfellsbæjar og bæjarstjórn um skipulagslýsingu og endurskoðun gildandi aðalskipulags.
Skipulagslýsing, vinnsla og auglýsing.

Áfangi 3: september 2020 – september 2021

Stefnumörkun og drög að skipulagstillögu.
Aðkoma íbúa að stefnumörkun. Íbúafundur og/eða vefgátt: október 2020
Inngangur – Stefna - Helstu forsendur - ágúst-nóvember 2020
Landnotkun – Verndarsvæði og náttúruvá – desember 2020-febrúar 2021
Samgöngur og veitur – febrúar 2021 – apríl 2021
Verkáfangi september 2021 – drög að skipulagstillögu kynnt á íbúafund

Áfangi 4: september 2021 – janúar 2022

Úrvinnsla samráðs og kynninga
Verkáfangi janúar 2022 – skipulagstillag kynnt á íbúafundi

Áfangi 5: janúar 2022 – apríl 2022

Samþykktarferli – auglýsing, kynning og afgreiðsla aðalskipulags
Verkáfangi apríl 2022 – Aðalskipulag tilbúið til auglýsingar á lögformlegan hátt